





snið d-d




snið e-e

**Almennar skýringar:**
Um er að ræða þjónustuhús á lóðinni Melur úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss.
Landnr. 217088 Byggingarreitur B-1
Í húsinu verður framreiddur morgunmatur og sæti í báðum sölum verða samanlagt að hámarki fyrir 32manns.

Almenn efni og gerð Millilofts:
Gólf er byggt upp úr 45x195mm gólfbitum c/c400mm. Ofan á þá kemur 22mm gólfkrossviður.

Útveggir eru gerðir úr timbri, krossviðsklæddir með 9mm krossvið að utan, síðan koma 34x45mm lektur bæði liggjandi og standandi til loftunar, á lektur kemur síðan 9mm krossviður, utan á krossvið kemur síðan takkadúkur ( takkar snúa að krossvið ), á hluta hússins verður síðan hlaðinn grjóthleðsla sem verður sjálfstæð um 50mm frá vegg og hins vegar standandi timburklæðning.
Að innan verða veggir einangraðir með 150mm einangrun, þá rakasperra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks veggjaklæðning.

Þak er upptekið byggt úr timbursperrum, ofan á sperrur koma lektur 35x70mm c/c 400 og svo er þakið klætt með 18mm þakkrossvið, síðan kemur ásoðinn PVC dúkur og svo loks tvöfalt lag af túnþökum, fyrra lag lagt á röngunni og efra lag er lagt venjulega.
Ath: PVC dúkur af þaki skal ná 400mm niður á takkdúk á veggjum.
Að innan er þakið einangrað með 220mm einangrun, þá rakasperra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks loftaklæðning.
Gluggar og hurðir eru úr timbri, gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler.
Allar útihurðir (hurðarflekar) eru 900 mm að breidd.
Allar innihurðir (hurðarflekar) eru 800 mm að breidd.

Innveggir millilofts:
Léttir innveggir í skrifstofu eru byggðir úr 70mm timburstoðum, hæð 1200mm með 50mm einangrun og síðan klæddir með 2x13mm gipsi beggja vegna.
Léttir innveggir í geymslu eru byggðir upp úr 45x95mm timburstoðum með 50mm einangrun, gipsklæddir beggja vegna með 2x13mm gipsi.

Brunamál:
Húsið er skilgreint í notkunarflokk 2.
Brunaviðvörunarkerfi mun verða í húsinu sem tengt er með símhringibúnaði í síma eiganda, ekki tengt í vaktstöð.
Í húsinu skulu vera handslökkvitæki af viðurkenndri gerð.
Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra og hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3.
Reykskynjarar skulu vera samkvæmt reglugerð.
Flóttaleiðir úr húsinu má sjá á grunnmynd og í skýringum að neðan.

Lagnir:
Frárennslislagnir eru lagðar í jörðu og undir botnplötu og tengjast rotþró og siturlögn, regnvatn fer í púkk.
Neysluvatnslagnir eru lagðar undir botnplötu, í botnplötu og í veggi.(rör í rör)
Gólfhiti er lagður í botnplötu.
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, sjá á grunnmynd.
Öll rými eru ýmist loftræst um opnanleg fög, hurðir eða með vélrænni viftu, sjá nánar á grunnmynd.

Lóð og umhverfi:
Frágangur lóðar skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Bílastæði fyrir 12 bíla eru við húsið.
Gert er ráð fyrir ruslagám fyrir sorp úr þjónustuhúsi.

Annað:
Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

| Byggingarhluti | ÚTREIKN. TÖLUR W/m² K | KRÖFUR |
|---|---|---|
| Útveggir | 0,25 ( 150 mm steinull) | 0,30 |
| Þak | 0,18 ( 220 mm þakull) | 0,20 |
| Gólf | 0,25 ( 100 mm plasteinangrun) | 0,30 |
| Gluggar (k-gler) | 1,10 (Tvöfalt k-gler) | 2,00 |
| Hurðir | 2,00 | 3,00 |

| | |
|---|---|
| --➔ | Útgangur |
| R | Reykskynjari |
| LR | Loftræsting |
| HS | Handslökkvitæki |
| GN | Niðurfall |
| GSN | Gegnumstreymisniðurfall |
| 00,00 GK | Gólfkóti á frágengið gólf |
| Inntök | Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagnsveitu og síma. |

| **Þjónustuhús** | Flatarmál m2 | Rúmmál m3 |
|---|---|---|
| Flatarmál húss brúttó: (sjá skráningartöflu) | 415,1 m² | 1659,7m³ |
| Stærð byggingarreits | | 2300,0 m² |
| Nýtingarhlutfall lóðar | | 0,18 |
| Byggingarreitur | — — — — — | |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
15. maí 2019
Byggingarfulltrúi

2288-19

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Byggingarlýsingu v/milligólfs og millilofts breytt | 29.04.19 | BV. |

| | |
|---|---|
| VERKHEITI: Melur, úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss - Þjónustuhús | TEIKNINÚMER: 102 |
| VERKHLUTI: Aðalteikningar Grunnmynd milliloft | ÚTGÁFA: A1 |
| Hönnuður: Björgvin Víglundsson kt. 040546-2009 Samþykkt: | BLAÐSTÆRÐ: A-2 |
| Yfirfarið af hönnunarstjóra: Björgvin Víglundsson kt. 040546-2009 Samþykkt: | DAGS: 22.05.18 |
| LARSEN HÖNNUN OG RÁÐGJÖF — Bent Larsen Fróðason, Byggingafræðingur B.Sc, Sími 844-7699, tölvupóstur: bent@larsenhr.is | VERKNR: 15-15 |
| | MKV: 1:100 |